

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps vegna veiðihúss í landi Ytri-Hlíðar.

Skipulagsstofnun staðfesti 14. júní 2021 breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 sem samþykkt var í sveitarstjórn 21. apríl 2021.

Í breytingunni felst að um 4 ha landbúnaðarsvæði er breytt í verslunar- og þjónustusvæði þar sem áformuð er uppbygging veiðihúss í landi Ytri-Hlíðar. Jafnframt er skilgreint nýtt efnistökusvæði og vatnsverndarsvæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 14. júní 2021.

F.h. forstjóra,

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfud.: 28. júní 2021